



FUNDARGERÐ

256. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði fimmtudaginn 11. apríl 2019 kl. 12:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Björg Björnsdóttir, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal, Davíð Sigurðarson varamaður og Páll Breiðfjörð Pálsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Ágústa Björnsdóttir.

Fundarfólk hittist kl. 11:45 við nýtt lagerhúsnaði HEF til að skoða aðstæður varðandi lóð við húsið, stærð hennar og legu.

Að vettvangsferð lokinni var haldið á Hótel Hérað og fundað.

Dagskrá:

1. Lagerhúsnaði - lóðamál
2. Gjaldskrárbreytingar vatns- og hitaveitu
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
4. Önnur mál

Gunnar Jónsson, formaður stýrði fundi.

1. Lagerhúsnaði – lóðamál

Málið í vinnslu.

2. Gjaldskrárbreytingar vatns- og hitaveitu

Framkvæmdastjóra falið að taka saman frekari gögn ásamt tillögu að gjaldskrárbreytingum og leggja fyrir stjórn á næsta fundi.

Samþykkt samhljóða.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

a) Framkvæmdastjóri greindi frá helstu verkefnum sem nú eru í vinnslu hjá HEF þar á meðal vinnu við áfanga 2 við Vök Baths, sem nú er langt komin.

b) Forhönnun fráveituvirkis við Melshorn er hafin.

c) Vatnsveita á Iðavöllum. Framkvæmdastjóri hefur falið Eflu verkfræðistofu að taka saman kostnað við að leggja kalt vatn inn á Iðavelli.

4. Önnur mál

a) Rannsóknarleyfi vegna virkjunar Köldukvíslar:

Stjórn HEF lýsir furðu yfir að veitt hafi verið rannsóknarleyfi á grann- og brunnsvæði Fljótisdalshéraðs án samráðs við HEF.

- b) Björg Björnsdóttir spurði hver staðan væri á útboði vegna lagningu ljósleiðara í dreifbýlinu. Framkvæmdastjóri sagði vinnu við það vera í gangi og að upplýsinga væri að vænta fyrir næsta fund stjórnar.
- c) Björg Björnsdóttir óskar eftir því að farið verði fyrr af stað í vinnu við gerð fjárhagsáætlun næsta árs, þannig að ákveðinn rammi hafi verið kynntur fyrir sumarið.
- d) Jón Steinar spurði um mælingar á flæði fráveitukerfa almennt.

Næsti fundur verður 9. maí.

Fundargerðin samþykkt og fundi slitið kl. 15:02.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.